



Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefnd Blönduós bæjar - 31. fundur skipulags-
, umhverfis -og umferðarnefndar Blönduós bæjar
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 31. maí 2017
og hófst kl. 17:00

Fundinn sátu:

Valgarður Hilmarsson, formaður
Brynja Birgisdóttir, aðalmaður
Guðmundur Sigurjónsson, aðalmaður
Zophonías Ari Lárusson, varamaður
Oddný María Gunnarsdóttir, varamaður
Ágúst Þór Bragason, yfirmaður tæknideildar
Bjarni Þór Einarsson, skipulagsfulltrúi
Þorgils Magnússon byggingafulltrúi

Fundargerð ritaði: Ágúst Þór Bragason,

Dagskrá:

1. Hlíðarbraut 19 - Umsókn um byggingarleyfi - Breytingar á bílskúr o.fl. - 1704014

Fyrir liggja nýjar teikningar en umsóknin var rædd á síðasta fundi nefndarinnar.
Nefndin samþykkir byggingaráformin og felur byggingarfulltrúa að ganga frá lóðarmálum milli Hlíðarbrautar 19 og 21.

2. Ámundakinn ehf. - Umsókn um lóð - 1611001

Óskað er eftir að félagið fái lóðina að Hnjúkabyggð 34 í stað Hnjúkabyggðar 38.
Valgarður Hilmarsson vék af fundi við umræðu og afgreiðslu þessa liðar. Nýtt deiliskipulag við Hnjúkabyggð hefur verið auglýst og er umsagnarfræstur liðinn. Unnið er að lagfæringum á deiliskipulagstillögunni til samræmis við athugasemdir Skipulagsstofnunar og stækkun á byggingrreit á lóðinni Hnjúkabyggð 34. Tekið er jákvætt í erindið. Nefndin mælir með því við byggðaráð að úthluta Ámundakinn ehf. lóðinni með fyrirvara um samþykki Skipulagsstofnunar á deiliskipulaginu og auglýsingu þess í B- deild Stjórnartíðinda.

3. Deiliskipulag á Hnjúkabyggðarreit - 1702005

Bréf Skipulagsstofnunar frá 17. maí 2017.
Í bréfi dagsettu 17. maí sl. gerir Skipulagsstofnun eftirfarandi athugasemdir við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagstillögunnar í B-deild Stjórnartíðinda og minnir á að sveitarstjórn skal taka athugasemdir Skipulagsstofnunar til umræðu sbr. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.
Sveitarstjórn tók athugasemdir Skipulagsstofnunar til umræðu á 37. fundi



sveitarstjórnar, þriðjudaginn 30. maí sl. og fól skipulagsfulltrúa að gera úrbætur á greinargerð og uppdrætti í samráði við ráðgjafa og Skipulagsstofnun. Fyrir fundinum liggur lagfærður deiliskipulagsuppdráttur þar sem byggingarreitur á lóðinni Hnjúkabyggð 34 er stækkaður. Nefndin samþykkir að óska umsagnar lóðarhafa að Hnjúkabyggð 32 vegna breytinga á byggingarreit Hnjúkabyggðar 34. Nefndin samþykkir skipulagsuppdráttinn að öðru leiti með framkomnum breytingum.

4. Verndarsvæði í byggð - Gamli bærinn á Blönduósi. - 1511029

Kynning á stöðu verkefnins.

Skipulagsfulltrúi fór yfir stöðu mála og umræður urðu um verkefnið í kjölfarið en verkefnisstjórn fundaði á dögnum og ræddi framgang verksins. Nefndin samþykkti að kynna verkefnið fyrir bæjarbúum og stefnt er að íbúafundum í september þar sem leitað verður upplýsinga og stjórnarmiða þeirra til svæðisins.

5. Húnabraut 33 - Umsókn um að reisa minnismerki - 1705045

Hugmyndir eru um að reisa minnisvarða um mjólkurvinnslu á Blönduósi á lóð Húnabrautar 33 (áður MS). Minnisvarðinn verður "strokur" sem áður var í notkun í Mjólkurstöðinni og er hann um 2x2x2 að stærð. Staðsetning er í suðausturhorni lóðarinnar skv. meðfylgjandi mynd.

Nefndin tekur jákvætt í hugmyndina en afgreiðslunni er frestað þar til frekari gögn um útfærslu og staðsetningu minnisvarðans er skilað inn.

6. Skólalóð - Umsókn um leyfi til að setja upp leiktæki. - 1705046

Meðfylgjandi er tillaga að leiksvæði við Blönduskóla sem fyrirhugað er að ganga frá í sumar. Gert er ráð fyrir svokölluðum ærslabelg sunnan sparkvallar og að keypt verði leiktæki og gengið frá leiksvæði sunnan körfuboltavallar. Óskað er eftir að þessi viðbót við skipulag skólalóðar verði tekin til umfjöllunar og veitt leyfi til framkvæmdanna. Öll leiktæki uppfylla kröfur og staðla og sett verður fallelfni undir öll svæði sem þarf. Nánari útfærsla verður unnin með skólastjórnendum og byggðaráði.

Nefndin samþykkir tillöguna fyrir sitt leyti.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:15

Valgarður Hilmarsson

Brynja Birgisdóttir

Zoponías Ari Lárusson

Guðmundur Sigurjónsson

Oddný María Gunnarsdóttir

Ágúst Þór Bragason

Bjarni Þór Einarsson

Þorgils Magnússon